

Sp.

631. Fyrirspurnir.

[301. mál]

I. Til menntamálaráðherra um rannsóknastörf prófessora.

Frá Karvel Pálmasyni.

1. Hver hafa verið rannsóknastörf þeirra prófessora við Háskóla Íslands, hvers um sig, sem skipaðir voru prófessorar á árunum frá 1960 til 1970, á þeim tíma, sem þeir hafa starfað sem prófessorar hver um sig?
2. Hafa verið settar einhverjar reglur um það, á hvern hátt prófessorar við Háskóla Íslands gera grein fyrir rannsóknastörfum sínum?

II. Til menntamálaráðherra um veitingu prófessorsembættis við læknadeild Háskóla Íslands.

Frá Oddi Ólafssyni.

Hvenær má vænta þess, að veitt verði prófessorsembætti í handlækningafræðum við læknadeild Háskóla Íslands, er auglýst var laust til umsóknar á árinu 1973?

III. Til menntamálaráðherra um meistarabréf og sveinsbréf handa tannsmiðum.

Frá Jónasi Árnasyni.

Hvað liður afgreiðslu á meistarabréfum og sveinsbréfum handa tannsmiðum?